



Framkvæmdastjórn
Evrópusambandsins

Sameiginleg landbúnaðarstefna Evrópusambandsins



Hvorki framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, né nokkur einstaklingur fyrir hönd hennar, ber ábyrgð á notkun meðfylgjandi upplýsinga.

Þetta skjal er endurskoðuð og uppfærð útgáfa ritanna Sameiginlega landbúnaðarstefnan útskýrð (*The Common Agricultural Policy Explained*) (ISBN 978-92-79-09449-1) og Landbúnaðarstefnan – Hvað er það? (*The CAP – What is it?*) (KF-30-08-500-EN-D). Stjórnarsvið um stækkunarmál lauk uppfærslu ritsins í júní 2010 og var ritið endurskoðað af stjórnarsviði landbúnaðarmála í október 2012.

Mikið magn frekari upplýsinga um Evrópusambandið er fáanlegt á netinu.

Hægt er að nálgast þær upplýsingar á Europa netþjónum (<http://europa.eu>).

- Upplýsingar um landbúnað í Evrópusambandinu má finna á vefsíðu stjórnarsviðs landbúnaðarmála (<http://ec.europa.eu/agriculture>).
- Upplýsingar um stækkun Evrópusambandsins má finna á vefsíðu stjórnarsviðs um stækkunarmál (<http://ec.europa.eu/enlargement>).
- Þá má nálgast upplýsingar um Evrópusambandið á íslensku á heimasíðu Evrópustofu, upplýsingamiðstöð ESB á Íslandi (<http://www.evropustofa.is>).

Eftirritun er leyfileg svo framarlega sem heimildar er getið.

Einkenni evrópsks landbúnaðar

Landbúnaðarsvæði og skógar ná yfir mikinn meirihluta landrymis ESB-ríkja og gegna lykilhlutverki fyrir heilbrigði efnahagslífs dreifbýlisins. Framlag landbúnaðar er jafnframt mikilvægt fyrir sjálfbæran efnahag þess.

Bændur sinna margvíslegum hlutverkum, allt frá framleiðslu matvæla og annarra landbúnaðarafurða til umsýslu lands í sveitum, náttúruverndar og ferðamála. Því má segja að landbúnaður hafi margþættu hlutverki að gegna.

- Evrópa er bæði umsvifamikill útflytjandi matvæla sem og stærsti innflytjandi þeirra í heiminum, einkum matvæla frá þróunarríkjunum;
- Evrópskur landbúnaður notar öruggar, hreinlátar og umhverfisvænar framleiðsluaðferðir og býður upp á gæðaframleiðslu til að mæta kröfum neytenda;
- Landbúnaður í ESB þjónar hinum dreifðu byggðum. Hlutverk hans er ekki aðeins að framleiða matvæli, heldur einnig að tryggja framtíð landsbyggðarinnar til búsetu, vinnu og ferðalaga.

Landbúnaðarstefna ESB er mörkuð af ríkisstjórnnum aðildarríkjanna og framfylgt af aðildarríkjunum. Markmið hennar er að styrkja afkomu bænda um leið og þeir eru hvattir til að framleiða hágæðavörur eftir kröfum markaðarins og sinna nýsköpun á borð við endurnýjanlega, umhverfisvæna orkugjafa.



Bretland
Valmúavöllur

Norðlægur landbúnaður

Finnar og Svíar hafa samið sérstaklega við Evrópusambandið um svokallaðan norðlægan landbúnað (e. *Nordic Aid Scheme*) og á það við um strjálbýl landbúnaðarsvæði sem henta verr til ræktunar en svæði sunnar í álfunni. Með inngöngu í ESB gangast aðildarríki undir sameiginlegu landbúnaðarstefnu sem fer með niðurgreiðslur og stuðning við landbúnað og bændur innan ESB. Með því að semja sérstaklega um skilgreiningar svæða sem norðlægra landbúnaðarsvæða við inngöngu 1995 öðluðust Svíar og Finnar rétt til þess að bæta við landbúnaðarstyrki ESB úr eigin sjóðum. Ríkin geta þannig aukið stuðning við landbúnað á svæðum sem erfið eru til ræktunar og tryggt að landbúnaður leggist ekki af á harðbýlum svæðum.

Landbúnaðarstefnan (CAP) – Hvað er það?

Bændur sjá okkur fyrir gæðafæðu á viðráðanlegu verði. Sameiginleg landbúnaðarstefna Evrópusambandsins leikur þar lykilhlutverk. Hún styður einnig við einstæða dreifbýlismenningu Evrópu, umhverfisvernd og dýravernd.

Tékkland
Markaðsdagur í gamla
bænum í Prag



Upprunalega landbúnaðarstefnan

Landbúnaðarstefnan á rætur sínar að rekja til V-Evrópu á 6. áratugi síðustu aldar, þegar samfélagið var laskað af margra ára styrjöld, landbúnaður í rúst og ekki hægt að tryggja nægt framboð matvæla. Landbúnaðarstefnan, sem sett var fram árið 1962, var árangursrík því hún náði því upprunalega markmiði sínu að tryggja framboð matvæla. Ýmsir vankantar á stefnunni komu þó í ljós á 8. og 9. áratug síðustu aldar.

- Verðstuðningskerfi hvatti bændur til að framleiða umfram eftirspurn.
- Afleiðingin varð offramleiðsla (smjör, korn, nautakjöt og vín). Kostnaður við geymslu og förgun umframframleiðslu var mikill.
- Útflutningsbætur vegna sölu umframframleiðslu á heimsmarkaði voru illa séðar af ýmsum þróunarríkjum.
- ESB lagði á háa innflutningstolla til að vernda evrópskan landbúnað fyrir ódýrum innflutningsvörum.

Landbúnaðarstefnan varð að breytast ... og það gerði hún!

Landbúnaðarstefna nútímans

Bændur fá ekki lengur greitt fyrir það eitt að framleiða matvæli. Núgildandi landbúnaðarstefna byggist á eftirspurn. Hún tekur fullt tillit til hagsmuna neytenda og skattgreiðenda um leið og hún veitir bændum innan ESB frelsi til að framleiða það sem markaðurinn þarfnast. Áður fyrr fengu bændur hærra styrki eftir því sem þeir framleiddu meira. Nú eru flestir þeirra styrkja sem greiddir eru til bænda óháðir því hversu mikið þeir framleiða. Samkvæmt nýja kerfinu fá bændur enn beingreiðslur til að tryggja þeim stöðugar tekjur, en tengslin við framleiðsluna hafa verið rofin. Að auki verða bændur að virða staðla um umhverfisvernd, matvælaöryggi, heilbrigði plantna og dýravernd. Bændur sem ekki gera það eiga á hættu að beingreiðslur til þeirra verði skertar (skilyrði um reglufylgni, eða „cross-compliance“). Það að rjúfa tengsl milli styrkja og framleiðslu (oftast kallað aftenging, eða „decoupling“) gerir bændum innan ESB kleift að vera markaðsmiðaðri. Þeim er frjálst að framleiða það sem þeir hagnast mest á um leið og þeir njóta nauðsynlegs tekjuöryggis.

Framtíð sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar – 2014–2020

Í október 2011 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til að sameiginlega landbúnaðarstefnan yrði tekin í gegn með það fyrir augum að færa stærra hluta af styrkjum yfir til hinna nýju ríkja sambandsins í Austur-Evrópu.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar leggja einnig meiri áherslu á umhverfisvernd, og að veita skuli allt að 30% af styrkjum til bænda sem sýna fjölbreytni í framleiðslu (e. *Farmers who diversify production*), víxla ræktun á landi sínu eða viðhalda varanlegum högum.

Nýja stefnan er nú til umræðu á Evrópuþinginu og í aðildarríkjum ESB, en búist er við að hún verði samþykkt fyrir árslok 2013.

10 lykilatriði í endurbótum

1. Tekjustuðningi sé betur stýrt
2. Betri og fljótvirkari aðferðir í áfallastjórnun
3. „Grænar greiðslur“ til þeirra sem viðhalda góðri framleiðslugetu
4. Aukin fjárfesting í rannsóknum og frumkvöðlastarfi
5. Auka jafnvægi og samkeppni í fæðukeðjunni
6. Hvetja til græns frumkvæðis í landbúnaði
7. Auðvelda ungum bændum að koma upp búrekstri
8. Örva atvinnu- og frumkvöðlastarfsemi í strjálbýli
9. Sinna þörfum viðkvæmra landsvæða betur
10. Koma á einfaldari og skilvirkari landbúnaðarstefnu

Hvað gerir landbúnaðarstefnan fyrir okkur?

- Við getum treyst á að landbúnaðarstefnan tryggi okkur matvæli, jafnvel á tímum alþjóðlegs vöruskorts og verðhækkana.
- ESB framfylgir ströngum reglum til að tryggja að maturinn sem við borðum sé öruggur og setur strangar kröfur um dýravernd.
- Landbúnaðarstefnan gegnir lykilhlutverki við að varðveita einstæða dreifbýlismenningu Evrópu og vernda umhverfið.

- Landbúnaðarstefnan hjálpar til við að tryggja viðráðanlegt matvælavæð. Nú fara 15% útgjalda heimila innan ESB í matvæli. Árið 1960 var sú tala tvöfalt hærrí, eða 30%.
- Bændur eru samkeppnishæfari. Þeir framleiða nú það sem markaðurinn vill og neytendur þarfnast.
- ESB tryggir gæði og öryggi matvæla með reglum um merkingar, heilbrigði dýra og plantna, takmörkun varnarefnaleifa og aukefni í matvælum.

Dreifbýlispróun í ESB

Um 90% landsvæðis ESB-riksja er dreifbýli og meira en helmingur þess er nýttur til landbúnaðar. Landbúnaður hefur í aldanna rás stuðlað að myndun og viðhaldi verðmætra náttúrulegra búsvæða. Í dag móta þau hið margbreytilega landslag ESB og eru heimkynni mikillar fjölbreytni í náttúrulífi.

Dreifbýlispróun er mikilvæg stoð sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB.

Stefna í dreifbýlispróun miðar að því að bæta:

- samkeppnishæfni landbúnaðar og skógræktar
- umhverfið og sveitirnar
- lífsgæði og fjölbreytileika atvinnulífs í dreifbýli
- möguleika samfélaga í dreifbýli til að skapa ný störf og tækifæri

Stefna í dreifbýlispróun veitir þeim sem búa og starfa í dreifbýli fjárhagslega og hagnýta aðstoð til að viðhalda samkeppnishæfni bænda og þar með lífi í sveitunum. Þetta endurspeglast í stefnu Evrópusambandsins í dreifbýlispróun fyrir árin 2007–2013.

Áætluð framlög til dreifbýlispróunar á tímabilinu 2007–2013

Heildarframlög 225,7 milljarðar evra

Framlög ESB þar af 90,8 milljarðar evra

Stefna í dreifbýlispróun fyrir 2007 til 2013 beinist að þremur forgangssviðum:

1. Gera landbúnað og skógrækt samkeppnishæfari

Felur í sér:

- Styrki til kaupa á nýjum tækjum (t.d. til að auka gæði matvæla og hreinlæti)
- Stuðning við unga bændur til að hefja rekstur
- Starfsþjálfun til að auka þekkingu í tækni og viðskiptum

2. Úrbætur í umhverfi og sveitum

Til dæmis:

- Umhverfisaðgerðir í landbúnaði sem styðja tiltekna búskaparhætti sem vernda umhverfið og sveitirnar
- Varðveisla líffræðilegs fjölbreytileika
- Aðgerðir í skógrækt á borð við gróðursetningu nýrra skóga
- Sérstakur stuðningur við bændur í fjalllendi eða á öðrum svæðum sem erfið eru til landbúnaðar

3. Aukin lífsgæði í dreifbýli og hvatar til fjölbreytni í atvinnulífi

Með:

- Stofnun og stækkun lítilla fyrirtækja
- Eflingu ferðapjónustu á sveitabæjum og utan þeirra
- Endurbyggingu þorpa og verndun dreifbýlismenningar
- Bættri þjónustu og innviðum til að endurnýja þorp
- Tækni fyrir endurnýjanlega orku, upplýsingar og samskipti

Hver ákveður hvað?

Almennar reglur fyrir dreifbýlispróun eru settar af aðildarríkjum og stofnunum ESB í sameiningu. Aðildarríkin ákveða hvaða einstaka þætti stefnunnar þau vilja leggja áherslu á. Áætlanir um dreifbýlispróun eru gerðar á lands-, svæðis- og staðarvísu, en á endanum bera ríkisstjórnir ábyrgð á réttri innleiðingu þeirra.

Allir hagsmunaaðilar í dreifbýli, ekki aðeins bændur, geta tekið þátt í að móta og taka þátt í áætlunum um dreifbýlispróun. Nálgunin er sú að ákvarðanir eru teknar á staðarvísu, frá grasrótinni sjálfri, en koma ekki „að ofan“.

Algengur misskilningur

Er peningum skattgreiðenda sóað með landbúnaðarstefnunni?

Landbúnaðarstefnan stuðlar að gæðum og öruggum mat fyrir okkur öll, samtímis því að virða umhverfið, heilbrigði plantna og heilsu og velferð dýra. Hún er eina stefnan sem fjármögnuð er að stærstum hluta með sjóðum ESB. Fjármunir frá Evrópusambandinu koma þannig í stað fjármuna frá aðildarríkjunum sjálfum. Um 1% útgjalda hins opinbera í Evrópu fara til landbúnaðar. Önnur stefnumál kosta mun meira en eru greidd úr ríkissjóðum einstakra ESB ríkja.

Gerir landbúnaðarstefnan bændur háða framfærslustyrkjum?

Tekjuuppbót bænda byggist ekki lengur á því hvað, eða hversu mikið þeir framleiða, þökk sé nýlegum umbótum á landbúnaðarstefnunni. Þess í stað er hún tengd ströngum stöðlum um umhverfisvernd, öryggi og gæði matvæla og dýravernd. Verðstuðningur kemur aðeins til í neyð. Því er samkeppni milli bænda um framleiðslu að kröfu markaðarins.

Hvetur landbúnaðarstefnan til búskaparhátta sem skaða umhverfið?

Aukin framleiðsla leiðir ekki lengur af sér hærri styrki. Reyndar er það svo að ef bændur uppfylla ekki fjölbreyttar kröfur um umhverfisvernd er tekjuuppbót

Portúgal
Vínkrur í Douro héraði



þeirra skert. Að minnsta kosti fjórðungur framlaga til uppbyggingar dreifbýlis er skilyrtur til umhverfisverkefna. Að auki hefur landbúnaðargeirinn þegar gripið til sinna ráða í baráttunni við hnattræna hlýnun með því að draga verulega úr losun CO₂ og annarra gróðurhúsalofttegunda.

Skaðar landbúnaðarstefnan þriðja heims ríki?

ESB hefur lækkað innflutningstolla á landbúnaðarafurðum frá þróunarríkjum. Allar vörur, fyrir utan hergögn, sem fluttar eru til ESB frá 50 fátækustu ríkjunum, eru tollfrjálssar. Nýlegar umbætur á landbúnaðarstefnunni hafa dregið verulega úr notkun útflutningsbóta. ESB hefur heitið því að leggja þær af ef aðrir stórir framleiðendur landbúnaðarafurða gera slíkt hið sama.

Hefur ESB sett reglur um stærð og lögun afurða?

Staðlar um gæði og merkingar tryggja að neytendur alls staðar á hinum sameiginlega markaði ESB kaupa vörur sem standast sömu ströngu kröfurnar. Þó hefur ESB fellt úr gildi flesta markaðsstaðla fyrir ávexti og grænmeti. Í þeim fáu tilfellum sem slíkir staðlar eru enn til staðar er verslunum heimilt að selja vörur sem ekki uppfylla þá, svo framarlega sem þær eru merktar á viðeigandi hátt (t.d. „til matreiðslu“). Þegar matvælavæð er hátt er skynsamlegt að öll góð vara fari á markað, jafnvel þótt hún sé ekki af staðlaðri stærð eða lögun.



Evrópustofa – upplýsingamiðstöð ESB
Suðurgata 10, 101 Reykjavík
Kaupvangsstræti 23, 600 Akureyri
Sími 527 5700
Vefsíða: evropustofa.is
Netfang: evropustofa@evropustofa.is





Publications Office

Evrópastofa
Upplýsingamiðstöð ESB